

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn, 25. október, var haldinn 145. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn í Valsheimilinu að Hlíðarenda og hófst kl. 16.15 Viðstödd voru: Margrét M Norðdal (S), Örn Þórðarson (D), Kristján Freyr Halldórsson (BF) og Eva Kamilla Einarsdóttir (S). Þá sátu fundinn þau Sigbrúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á íþróttastarfsemi Knattspyrnufélagsins Vals.
- Kl. 16.35. Heiðrún Ólafsdóttir tekur sæti á fundi.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða þakkar Gunnari og Sigríði kærlega fyrir góða kynningu og fagna þeim verkefnum sem eru í gangi hjá félaginu og sérstaklega nýja verkefninu „Vítamín í Val“ sem hófst núna í október.

Gunnar Örn Arnarson íþróttafulltrúi Vals og Sigríður Arndís Jóhannesdóttir verkefnastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða taka sæti undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 06.10 2017, varðandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Laugavegur-Skipholt, reitur 25.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 09.10.2017, varðandi Hekklureit.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða óskar eftir að farið verði ítarlega yfir skólapláss í Háteigsskóla í tengslum við aukinn íbúafjölda og þá barnafjölda á reitnum og að gætt verði að því að í skólanum bæði innanhúss og utan sé nægilegt rými fyrir nemendur skólans og að hugað verði að stækkun skólans ef þess er þörf. Mikilvægt er að allar nýframkvæmdir í hverfinu sem og viðhald og breytingar fari eftir reglum um algilda hönnun (e.Universal design) og að það sé grundvallarregla að aðgengi sé fyrir alla innanhúss og utan. Þess þarf sérstaklega geta í lýsingum og tillögum.

4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13.10. 2017, varðandi Hlíðarenda.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða óskar eftir að kannað verði sérstaklega með öryggi gangandi og hjólandi í hverfinu í tengslum við nýtengingu/gatnamót og að öryggi íbúa hverfisins og barna á leið í og úr íþróttastarfi sé í algjörum forgangi við alla hönnun og allar ákvarðanir hvað varðar umferðamál. Hugað verði að skóla og leikskólamálum í tengslum við íbúabyggð og tryggt að skólar í hverfinu geti tekið við nýjum nemendum, það á bæði við um grunnskóla og leikskóla. Mikilvægt er að allar nýframkvæmdir í hverfinu sem og viðhald og breytingar fari eftir reglum um algilda hönnun (e.Universal design) og að það sé grundvallarregla að aðgengi sé fyrir alla innanhúss og utan. Þess þarf sérstaklega geta í lýsingum og tillögum.

Fundi slitið kl. 18.10

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson
Heiðrún Ólafsdóttir

Kristján Freyr Halldórsson
Eva Kamilla Einarsdóttir